

Ársskil á virðisaukaskatti



■ Nýskráning

Peir sem eru að hefja skattskylda starfsemi skulu ótilkvaddir tilkynna um hana til ríkisskattstjóra eigi síðar en átta dögum áður en hún hefst. Þeim ber að skila „Tilkynningu til skatt-yfirvalda“ (RSK 5.02) vegna skráningar á launagreiðendaskrá staðgreiðslu og/eða virðisaukaskattsskrá og eftir atvikum öðrum eyðublöðum.

Ríkisskattstjóri ákvarðar skilamáta aðila á grundvelli þeirra upplýsinga sem fram koma á fyrrnefndri tilkynningu og sendir aðila staðfestingu um skráningu á virðisaukaskattsskrá. Um hlutafélög, einkahlutafélög, samvinnufélög og sameignarfélög gildir sú regla við nýskráningu að þau skuli gera upp virðisaukaskatt á tveggja mánaða fresti.

■ Hverjir eru settir í ársskil við nýskráningu?

Einstaklingum með reiknað endurgjald lægra en 200.000 kr. á mánuði er við nýskráningu gert að gera virðisaukaskatt upp árlega. Einstaklingar með reiknað endurgjald (skv. tilkynningu) 200.000 kr. eða hærra á mánuði geta óskað eftir því við nýskráningu að gera upp virðisaukaskatt á tveggja mánaða fresti. Einstaklingar geta þó samhliða tilkynningu um breytingu á reiknuðu endurgjaldi (upp í 200.000 kr. eða meira á mánuði) óskað eftir því að gera upp virðisaukaskatt á tveggja mánaða fresti.

■ Eftirtaldir aðilar eru ekki settir í ársskil við nýskráningu:

- Hlutafélög, einkahlutafélög, samvinnufélög og sameignarfélög.
- Peir sem eru með a.m.k. 200.000 kr. í reiknað endurgjald og óska eftir því við nýskráningu að fara í tveggja mánaða skil.

- Peir sem hafa frjálsa eða sérstaka skráningu vegna leigu eða sölu á fasteign.
- Peir sem fá fyrirframskráningu eða skráningu gegn tryggingu.
- Peir sem hafa yfirtekið rekstur, ef seljandi var ekki í ársskilum. Sama gildir um þrotabú. Þessi regla á aðeins við í byrjun, þ.e. á því ári sem yfirtaka verður (eða skipti hefjast).
- Peir sem eru að hefja aftur starfsemi ef þeir voru áður á virðisaukaskattsskrá vegna sömu eða samskonar starfsemi og voru þá í tveggja mánaða skilum. Þessi regla á aðeins við í upphafi, þ.e. á því ári sem verið er að hefja rekstur að nýju.
- Peir sem stunda landbúnað eða nytjaskógrækt.
- Peir sem hafa fengið heimild til skemmri skila.
- Peir sem skráðir eru tímabundið á virðisaukaskattsskrá.
- Umboðsmenn erlendra aðila.

■ Breytingar á skilamáta innan ársins

Velta ársskilaaðila nær 4.000.000 kr. - tilkynningarskylda

Ef sala í virðisaukaskattsskyldri starfsemi hjá ársskilaaðila fer umfram 4.000.000 kr. (án vsk.) innan almanaksársins ber honum að tilkynna ríkisskattstjóra um það og gera upp skattinn á næsta gjalddaga tveggja mánaða uppgjörstímabila. Til þess notar hann eyðublaðið Leiðréttingarskýrsla virðisaukaskatts RSK 10.26. Ástæða þessarar tilkynningarskyldu er sú að þá teljast forsendur fyrir ársskilum hins virðisaukaskattsskylda aðila brostnar og hann á að færast í tveggja mánaða skil.

Tveggja mánaða uppgjörstímabil eru janúar-febrúar, mars-apríl, maí-júní o.s.frv. og gjalddagi er einum mánuði og fimm dögum eftir lok viðkomandi tímabils (t.d. 5. apríl vegna tímabilsins janúar-febrúar). Beri gjalddaga upp á helgidag eða almennan frídag færast gjalddagi á næsta virkan dag á eftir.

■ Breytingar á skilamáta á grundvelli veltu liðins árs

Tveggja mánaða skil - ársvelta undir 4.000.000 kr.

Almennt gildir að þeir sem eru með umfangslítinn rekstur, þ.e. veltu vegna sölu á virðisaukaskattsskyldum vörum og þjónustu undir 4.000.000 kr. á heilu almanaksári, gera upp virðisaukaskatt einu sinni á ári. Virðisaukaskattsskyldum aðila ber því að gera upp samkvæmt ársskilareglum enda þótt hann hafi byrjað í tveggja mánaða skilum við nýskráningu, reynist velta hans á almanaksári undir framangreindum fjárhæðarmörkum. Þó skal aðili ekki færast í ársskil ef meðallaun samkvæmt skilagreinum staðgreiðslu ná 200.000 kr. á mánuði.

Ársskil - velta fer yfir 4.000.000 kr.

Þeim ársskilaaðilum sem selja virðisaukaskattsskyldar vörur og þjónustu fyrir meira en 4.000.000 kr. á almanaksári ber á næsta ári að gera upp virðisaukaskatt samkvæmt almennum uppgjörstímabilum, þ.e. á tveggja mánaða fresti.

Þess ber þó að gæta að reglan um breyttan skilamáta á grundvelli veltu á ekki við um eftirtalda aðila:

- Þá sem stunda landbúnað eða nytjaskógrækt.
- Þá sem fengið hafa heimild til skemri skila.
- Þá sem skráðir eru tímabundið á virðisaukaskattskrá.
- Þá sem hafa frjálsa eða sérstaka skráningu vegna leigu eða sölu á fasteign.
- Umboðsmenn erlendra aðila.

■ Hvenær á að borga virðisaukaskatt og skila skýrslu?

Gjalddagi virðisaukatts hjá aðilum í ársskilum er 5. febrúar. Beri gjalddaga upp á helgidag eða almennan frídag færast gjalddagi á næsta virkan dag á eftir. Eigi síðar en á gjalddaga ber að skila virðisaukaskattsskýrslu og greiða virðisaukaskattinn. Ef ekki er greitt á gjalddaga bætist álag við þá fjárhæð sem greiða átti. Álagið er 1% af vangreiddri fjárhæð fyrir hvern byrjaðan dag eftir gjalddaga. Það verður þó ekki hærra en 10%.

Skylda er að standa skil á virðisaukaskattsskýrslum og greiðslum rafrænt í gegnum þjónustuvef ríkisskattstjóra, skattur.is. Þar hafa allir skattaðilar sína eigin þjónustusíðu þar sem þeir geta með veflykli (aðallykli) sótt um rafræn skil og fengið aðgang samstundis. Ríkisskattstjóri getur veitt heimild til eins árs í senn til þess að skila virðisaukaskattsskýrslu á pappír ef gildar ástæður eru fyrir hendi og metur hann í hverju tilviki fyrir sig hvað telja skuli gildar ástæður í þessu sambandi. Greiðsluskýrslum ásamt greiðslu skal þá skila til innheimtumannanna ríkissjóðs (tollstjórans í Reykjavík eða sýslumanna utan Reykjavíkur), banka eða sparisjóða. Inneignarskýrslum og núllskýrslum á hins vegar að skila beint til ríkisskattstjóra.

Inneignarskýrslum skal fylgja eitthvað af eftirfarandi:

- 1) afrit af ársreikningi
- 2) hreyfingalistar inn- og útskatts
- 3) ljósrit af bókhaldshefti.

Fylgi umrædd gögn ekki með inneignarskýrslu má búast við að ríkisskattstjóri hafni skýrslunni og áætli virðisaukaskatt. Vanræki aðili að skila virðisaukaskattsskýrslu getur hann átt von á því að ríkisskattstjóri áætli veltu og breyti skilamáta hans á þann veg að honum sé gert að gera upp virðisaukaskatt næsta almanaksárs þar á eftir samkvæmt almennum uppgjörstímabilum, þ.e. á tveggja mánaða fresti, enda þótt sala hans á virðisaukaskattsskyldum vörum og þjónustu reynist undir 4.000.000 kr.

■ Hvað á að gera ef starfsemi er hætt?

Ef aðili í ársskilum hættir starfsemi þá getur hann valið um hvort hann gerir upp virðisaukaskatt viðkomandi árs á gjalddaga þess tveggja mánaða uppgjörstímabils sem yfir stendur þegar starfsemi lýkur eða hvort hann gerir skattinn upp á gjalddaga ársskila. Hann þarf þó ávallt, eins og aðrir sem hætta starfsemi, að tilkynna ríkisskattstjóra um það skriflega að starfseminni sé lokið og þá innan 8 daga frá því að henni lauk. Er það gert með því að skila til ríkisskattstjóra eyðublaðinu „Tilkynning af launagreiðendaskrá staðgreiðslu og/eða virðisaukaskattsskrá“ (RSK 5.04).

Opnað fyrir rafræn skil

Vakin er athygli á að virðisaukaskattsskýrslum skal skila rafrænt til ríkisskattstjóra. Ríkisskattstjóri getur þó veitt heimild til skila á virðisaukaskattsskýrslu á pappír ef gildar ástæður er fyrir hendi.

Þeir sem eru á virðisaukaskattsskrá eða launagreiðendaskrá geta opnað fyrir rafræn skil á virðisaukaskatti eða staðgreiðslu á þjónustuvefnum skattur.is.

Kynntu þér málið!